

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 238/1987, nr. 470/1995 og 550/1995 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. desember 1997

Nr. 668

REGLUGERÐ**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:		kg	%	kr/kg
0407.0000 Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	77
0404.9000 Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1998 og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.